

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 448, 16. júlí 1998,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1998/1999.**

### 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Um veitingu leyfa í atvinnuskyni gildir ákvæði 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, sbr. lög nr. 1/1999.

### 2. gr.

Í stað: „skv. 6. gr.“ í 1. mgr. 6. gr. komi: samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða við lög nr. 1/1999.

### 3. gr.

Í stað: „veiðileyfi þess og aflahlutdeild“ í 1. ml. 4. mgr. 9. gr. komi: aflahlutdeild þess. Orðin: „eða veiðileyfis“ í lokamálslið 4. mgr. 9. gr. falli niður.

### 4. gr.

Við 5. mgr. 9. gr. bætist nýr málslíður er orðist svo: Heimilt er með samþykki Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings aflamarks í þeim tilvikum að um breytingar á skipastól viðkomandi útgerðar sé að ræða og aflahlutdeildin sé jafnframt flutt milli viðkomandi skipa.

### 5. gr.

12. - 18. gr. reglugerðarinnar falla niður.

### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, sbr. lög nr. 1, 14. janúar 1999, til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. janúar 1999.*

**Þorsteinn Pálsson.**

\_\_\_\_\_  
Jón B. Jónasson.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 449, 16. júlí 1998,  
um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1998/1999.**

### 1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á fiskveiðiárinu 1998/1999 skal fjöldi sóknardaga vera 32 hjá þeim bátum, sem stunda veiðar með línu og handfærum með dagatakörkunum. Um skerðingu daga fyrir þá báta, sem stunda veiðar með línu, gilda ákvæði 6. gr. Fjöldi sóknardaga skal vera 40 hjá þeim bátum, sem stunda veiðar með handfærum eingöngu.